

byggingu mannvirkja, jafnvel þótt verð efnis og vinnu í þau nemi ekki kr. 10.000.00, en slíkt bann ráðsins lá einmitt fyrir í tilvikum því, sem hér ræðir um.

Samkvæmt framansögðu telst ákærði því hafa brotið 5. gr. laga nr. 70 5. júní 1947 um fjárhagsráð o. fl., sbr. 7. og 11. gr. reglugerðar nr. 82 31. júlí 1947 um sama efni, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 145 6. október 1948 um breytingu á fyrrnefndri reglugerð, sbr. auglýsingu fjárhagsráðs frá 17. sept. 1947.

Refsing kærða þykir samkvæmt 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. 39. gr. reglug. nr. 82/1947, hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Sá dráttur, sem á því varð, að mál þetta væri tekið til réttarrannsóknar, stafaði af önnum við embættið og veikindum rannsóknardómans.

#### Dómsorð:

Kærði, Þórður Finnbogason, greiði 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 150.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 23. janúar 1952.

Nr. 4/1951. **Guðmundur R. Oddsson** (Sveinbjörn Jónsson)  
 gegn  
**Jóhannesi Guðmundssyni** (Theódór B. Línal).

Árekstur bifreiða. Skaðabætur. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. janúar 1951, krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og honum dæmdur málskostn.

aður fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar, en *til vara*, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati Hæstaréttar, málskostnaður í héraði látinn niður falla og stefnda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur verið ákveðið í samræmi við 2.—4. málsgrein 7. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, að Túngata skuli teljast aðalbraut, og verður að telja, að áfrýjanda hafi borið að staðnæmast á umræddum gatnamótum gagnvart umferð á þeirri götu. Hvorki Holtsgata, sem liggur í beinu framhaldi af Túngötu, né Bræðraborgarstígur, sem sker götur þessar, hafa hins vegar verið gerðar að aðalbrautum samkvæmt umferðarlögum. Stefndi, sem ók austur Holtsgötu, átti því samkvæmt 1. málsgrein 7. gr. umferðarlaganna að víkja fyrir umferð, er kom Bræðraborgarstíg frá vinstri, svo sem var um áfrýjanda. Þetta gerði stefndi eigi, og verður því að telja, að hann, sem eigi gætti heldur að öðru leyti fullrar varúðar í akstri sínum, eigi meginsök á umræddum árekstri. Á hinn bóginn þykir áfrýjandi eigi hafa gætt fyllstu varúðar í akstri sínum með því að aka áfram suður gatnamótin, þótt staðhættir séu þannig, að hann gat séð til ferða stefnda vestan Holtsgötu og út á gatnamótin. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að stefndi beri  $\frac{3}{4}$  hluta tjóns þess, er af árekstrinum hlaut, en áfrýjandi  $\frac{1}{4}$  hluta þess. Samkomulag er um, að tjón stefnda sé talið nema þeirri fjárhæð, sem ákveðin hefur verið í héraðsdómi, kr. 1824.33. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 456.08 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um viðurkenningu á lögveðrétti í bifreið áfrýjanda.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 456.08 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður. Viðurkenndur er lögveðréttur í bifreiðinni R. 106 til tryggingar dómkröfunum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

### **Sératkvæði Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara.**

Í auglýsingu lögreglustjóra Reykjavíkur 2. febrúar 1943 er að vísu ekki kveðið á um það, að gatnamót Túngötu og Holtsgötu skuli ásamt Túngötu teljast til aðalbrautar, en eins og lýst er í héraðsdómi, lét lögreglustjóri setja upp aðalbrautarmerki sunnan og norðan þeirra gatnamóta. Samkvæmt umferðarmerkjum þessum, er þeim, sem aka að gatnamótunum um Bræðraborgarstíg, skylt að vægja vegna umferðar um gatnamótin frá Túngötu og Holtsgötu, ef því er að skipta, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 24/1941 og 1. mgr. 28. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930. Áfrýjanda bar því að nema staðar og bíða, meðan bifreið stefnda færi um gatnamótin. Þetta gerði áfrýjandi ekki. Hins vegar er í ljós leitt, að stefndi gætti eigi nægilegs hófs og varkárni í akstri sínum. Eiga aðiljar því báðir sök á árekstrinum, og þykir eftir atvikum rétt, að hvor þeirra beri helming þess tjóns, sem af slysinu hlaut. Héraðsdómari hefur metið tjón stefnda kr. 1824.33. Með hliðsjón af málflutningi aðilja hér fyrir dómi ber að leggja þá fjárhæð til grundvallar úrlausn málsins. Verður áfrýjanda því dæmt að greiða stefnda kr. 912.16 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Eftir málavöxtum þykir málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, eiga að falla niður. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um lögveðrétt stefnda í bifreið áfrýjanda til tryggingar framangreindri fjárhæð.

Eg tel því, með skírskotun til framanritaðs, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Áfrýjandi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 912.16 ásamt 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags.

Málskostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, fellur niður.

Stefndi á lögveðrétt í bifreiðinni R. 106 til tryggingar framangreindri fjárhæð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. desember 1950.**

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., hefur Jóhannes Guðmundsson, Barónsstíg 11 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. apríl s.l., gegn Guðmundi R. Oddssyni framkvæmdarstjóra, Laugavegi 61 hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1974.33 með 6% ársvöxtum frá 2. febrúar 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur stefnandi krafizt lögveðs í bifreiðinni R. 106 til tryggingar hinum umstefndu fjárhæðum.

Vátryggingarfélaginu Trolle & Rothe h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu, en bifreiðin R. 106 var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 2. febrúar s.l. um kl. 12 ók stefnandi bifreið sinni R. 3708 austur Holtsgötu hér í bænum. Er hann kom að mótum Holtsgötu og Bræðraborgarstígs, kveðst hann hafa ekið rakleitt áfram, enda talið sig vera á aðalbraut, en hafa ætlað áfram austur Túngötu. Er hann hafi verið rétt kominn út á gatnamótin, hafi hann séð til ferða bifreiðarinnar R. 106, sem hafi verið ekið frekar hægt suður Bræðraborgarstíg og inn á gatnamótin. Hafi hann þá hemlað og sveigt til hægri, en um leið hafi hægri framaurlíf og hægra framvarahorn á R. 106 rekizt á vinstri framaurlíf og framhjól á R. 3708. Við áreksturinn urðu nokkrar skemmdir á R. 3708.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að stefndi, sem var eigandi bifreiðarinnar R. 106 og ók henni í umrætt sinn, eigi einn alla sök á árekstri þessum. Túngata, sem sé aðalbraut, sé í beinu áframhaldi af Holtsgötu, en götunöfnin breytist við gatnamót Bræðraborgarstígs. Gatnamótin sjálf hljóti að njóta réttar sem aðalbraut, enda séu þar sett aðalbrautarmerki á eystri gangstéttarbrún Bræðraborgarstígs norðan Túngötu og á vestri gagnstéttarbrún Bræðraborgarstígs sunnan Holtsgötu. Stefnda hafi borið skilyrðislaus skylda til að stöðva bifreið sína, áður en hann ók inn á gatnamótin. Þessa hafi hann ekki gætt og eigi því sök á, hvernig fór.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í umrætt sinn ekið suður Bræðraborgarstíg á mjög hægri ferð. Er hann kom að mótum Túngötu og Bræðraborgarstígs, hafi hann litið til vinstri inn á Túngötuna, en enga umferð séð úr þeirri átt. Hafi hann þá látið bifreiðina renna áfram og

lítið eitt til hægri. Hafi hann þá séð til ferða R. 3708, sem hafi verið komin mjög nálægt. Kveðst stefndi þá hafa snögghemlað og bifreiðin stöðvazt um leið. Er bifreiðin var stöðvuð, hafi vinstri framaurhlíf R. 3708 lent á hægri framaurhlíf R. 106. Við áreksturinn urðu nokkrar skemmdir á R. 106.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hann eigi enga sök á árekstri þessum. Stefndi hafi komið austur Holtsgötu, en sú gata sé ekki aðalbraut. Umferð um gatnamót Túngötu og Holtsgötu njóti ekki aðalbrautarréttar, þótt Túngatan sé aðalbraut. Þar hljóti að gilda almennar öku-reglur, en samkvæmt þeim hafi stefndi átt að vika, þar sem hann hafi haft bifreið stefnda sér á vinstri hönd.

Með auglýsingu, dags. 2. febrúar 1943, ákvað lögreglustjórnin í Reykjavík, að Túngata skyldi teljast aðalbraut samkvæmt ákvæðum 7. gr. umferðarlaganna nr. 24 frá 1941. Ekkert er tekið fram í auglýsingu þessari um umferðarrétt um margnefnd gatnamót Túngötu, Holtsgötu og Bræðraborgarstígs, en Holtsgata er í beinu áframhaldi af Túngötu til vesturs og skiptir um götunöfn við nefnd gatnamót. Aðalbrautarmerki hafa verið sett á norðausturhorn Bræðraborgarstígs og Túngötu og á suðvesturhorn Holtsgötu og Bræðraborgarstígs. Í lögum eru engin ákvæði, er segi til um, hvernig umferðarrétti sé háttáð, þar sem staðhættir eru slíkir sem hér. Þegar allar aðstæður eru virtar, þykir eðlilegt, að umferð, sem fer um gatnamót þessi milli Túngötu og Holtsgötu, njóti aðalbrautarréttar á gatnamótum. Með vísan til þessa og þar sem stefndi mátti sjá aðalbrautarmerki það, er blasti við honum, áður en hann ók inn á gatnamótin, þá verður að telja, að hann hefði átt að stöðva bifreið sína og hleypa framhjá ökutækjum þeim, er óku gatnamótin milli Túngötu og Holtsgötu. Þetta gerði stefndi ekki og hefur viðurkennt, að hann hafi ekki gætt umferðar frá Holtsgötu. Þykir hann því eiga alla sök á árekstri þessum, enda verður ekki séð, að stefndi hafi ekið ógætilega, eins og á stóð.

Fjárhæð stefnukröfu sinnar sundurliðar stefndi þannig:

1. Matsgerð .....	kr. 100.00
2. Efni .....	— 303.00
3. Vinna .....	— 1421.33
4. Afnotamissir í 10 daga .....	— 150.00

---

Kr. 1974.33

*Um 1.* Stefndi fékk bifvélavirkja til að meta, hvað kosta myndi að gera við skemmdir þær, sem á bifreiðinni urðu, en viðgerðina mun stefnandi hafa framkvæmt að miklu leyti sjálfur.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem sér óviðkomandi.

Þessi liður verður tekinn til meðferðar við ákvörðun málskostnaðar samkvæmt 175. gr. einkamálaganna.

*Um 2 og 3.* Kröfuliðir þessir hafa ekki sétt sérstökum andmælum og

þar sem ekki verður séð, að þeir séu óeðlilega háir, verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Bifreiðin R. 3708 var af svonefndri „Durant“-gerð, smíðuð árið 1931, og notaði stefnandi hana til eigin þarfa.

Þegar þetta er virt, þykja bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 100.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1824.33 (303.00 + 1421.33 + 100.00) með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950, en þá virðist krafa fyrst hafa komið fram.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 106 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur R. Oddsson, greiði stefnanda, Jóhannesi Guðmundssyni, kr. 1824.33 með 6% ársvöxtum frá 8. marz 1950 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R. 106 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Mánudaginn 28. janúar 1952.

Nr. 104/1951. **H.f. Njáll, h/f Hængur og**  
**Lýsissamlag íslenzkra botnvörpunga**  
 (Gunnar Þorsteinsson)  
 gegn  
**Guðjóni Sigurðssyni** (Ragnar Ólafsson).

Fjárnám. Sjóveðréttur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með